

**STJÓRNARFUNDUR BORGARMÝRI 1 SAUÐÁRKRÓKI
ÞRIÐJUDAGINN 9. FEBRÚAR 2010 KL 12:30.**

Þriðjudaginn 9. febrúar kom stjórn SSNV saman til fundar að Borgarmýri 1 Sauðárkróki. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Þórdís Friðbjörnsdóttir, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Þaðaði forföll. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið og Hermann Einarsson þaðaði forföll. Guðmundur Guðmundsson frá Bygðastofnun sat fundinn undir 2. lið

1. SSNV- málefni fatlaðra

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 15.01.2010.** GSG kynnti einstak liði fundargerðarinnar.
- b. **Stækkun þjónustusvæðis í Fjallabyggð – staða mála.** GSG fór yfir niðurstöður fundar með fulltrúa Félags og tryggingamálaráðuneytisins varðandi gerð viðaukasamnings við gildandi þjónustusamning SSNV og félagsmálaráðuneytisins vegna þjónustu við fatlaða í Ólafsfirði. Þar komu einnig fram upplýsingar um þá þjónustu sem nú er veitt í Ólafsfirði og áætlað kostnaðarmat. Stjórn felur verkefnisstjóra að vinna mat á þjónustupörf og kostnaði í samstarfi við Fjallabyggð í Ólafsfirði og verði þar gert ráð fyrir biðlistum sem til staðar eru.
- c. **Önnur mál.**
 1. **Reglur um greiðslu námskeiðs-og ráðstefnukostnaðar starfsmanna verkenfa tengdra þjónustusamningi SSNV málefna fatlaðra.** Lögð fram drög að reglum um ofangreint sem þjónustuhópur hefur samþykkt. Reglurnar eru settar í kjölfar sparnaðartillagna sem stjórn samþykkti á síðasta ári. Stjórn samþykkir framlögð drög.
 2. **Reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna verkefna tengdum þjónustusamningi SSNV málefna fatlaðra.** Lögð fram drög að reglum sem þjónustuhópur hefur samþykkt. Reglurnar eru settar í kjölfar sparnaðartillagna sem stjórn samþykkti á síðasta ári. Reglan er að kostnaður verði endurgreiddur samkvæmt framlögðum reikningum. Ekki verði greiddir dagpeningar nema um það sé samið sérstaklega, eða ekki sé hægt að leggja fram reikninga. Verkefnisstjóra falið að laga orðalag í samræmi við ábendingar stjórnar. Að öðru leiti eru drögin samþykkt.

2. SSNV

- a. **12 mánaða rekstaryfirlit SSNV, SSNV atvinnuþróunar, SSNV málefna fatlaðra.** Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði. Niðurstaða rekstrar er jákvæð hjá öllum einingum og útgjöld að mestu í samræmi við áætlanir.
- b. **Bréf jöfnunarsjóðs frá 25. janúar 2010.** Í bréfinu er kynnt ákvörðun framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga með vísan til laga um tekjustofna sveitarfélaga nr 4/1995 með síðari breytingum. Framlagið nemur samtals 140,5 m.kr og skiptist jafnt milli samtakana. Framlag til SSNV nemur því 17,6 m.kr á árinu 2010.

- c. **Menningarsamningur – drög að samningi.** Lögð fram samningsdrög. Samkvæmt þeim mun framlag ríkisins nema 26 m.kr og gildi hann til loka árs 2010. Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir umræður og ábendingar um drögin sem fram komu á fundi Menningarráðs þann 3. febrúar s.l. Umræður urðu um drögin og þætti er snú að rekstri menningarráðs. Formaður gerði grein fyrir bókun sinni á fundi Menningarráðs þann 3. febrúar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við formann menningarráðs um þau atriði sem rædd voru á fundinum.
 - d. **Þjóðfundur á Norðurlandi vestra.** Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins sem verður haldinn í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra lagardaginn 13. febrúar 2010.
 - e. **18. ársþing SSNV – ákvörðun um tímasetningu.** Stjórn samþykkir að 18. Ársþing SSNV fari fram dagana 27.-28 ágúst 2010. Að þessu sinni verður þingið í boði Blönduósbæjar.
 - f. **Önnur mál.**
- 3. SSNV atvinnuþróun**
- a. **Yfirlit um framlög til atvinnuþróunarfélagana á árinu 2010.** Lögð fram tilkynning frá Bygðastofnun dags 2. Febrúar 2010 um skiptingu framlaga til atvinnuþróunarfélagana. Framlög lækka um 6,5% frá árinu 2009 vegna lækkunar framlaga á fjárlögum. Framlag til SSNV atvinnuþróunar nemur 15,9 m.kr. Að auki geta félögin sótt verkefnastyrki í sérstakan sjóð sem Bygðastofnun úthlutar úr. Heildar ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2010 eru 28,9 m.kr.
 - b. **Önnur mál.**
 1. **Framleiðsla innrennslislyfja.** Framkvæmdastjóri fór yfir könnunarvinnu sem unnið hefur verið að undanfarið hjá atvinnuráðgjöfum SSNV atvinnuþróunar á framleiðslu innrennslislyfja. Margt bendir til að hér sé um áhugaverða framleiðslu að ræða. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir aðila til vinnslu viðskiptaáætlunar fyrir slíka framleiðslu.
 2. **Málþing/ráðstefna um tækifæri í kvikmyndagerð.** Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við undirbúning málþings/ráðstefnu um tækifæri í kvikmyndagerð sem unnið er að í samstarfi í frumkvöðla í Skagafirði.
 3. **Málþing/ráðstefna um Hveravelli.** Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúningsvinnu við Málþing/ráðstefnu um málefni Hveravalla sem unnið er að í samstarfi við Vaxtarsamning og Hveravallafélagið.
4. **Starfsskýrsla Vaxtarsamnings Norðurlands vestra árið 2009.** Lögð fram til kynningar.
 5. **Bréf TPZ teiknistofu frá 21.janúar 2010 varðandi aðalskipulag Akrahrepps.** Lagt fram til kynningar. Stjórn gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

6. Fundargerðir

- a. **Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 29. janúar 2010.** Lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál.

- a. **Málefni heilbrigðisstofnana á Blönduósi, Sauðárkróki og Hvammstanga.**

Stjórn SSNV mótmælir harðlega þeim mikla niðurskurði sem heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi og Sauðárkróki þurfa að taka á sig. Nú þegar hefur þjónusta þessara stofnana verið skert vegna þessa og er með því alvarlega vegið að grunn velferðarþjónustu í þessum byggðalögum.

Þá mótmælir stjórnin boðuðm niðurskurði við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga.

Aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu er hornsteinn hvers samfélags og afar mikilvæg í byggðalegu tilliti. Bent er sérstaklega á í því samhengi að nái boðaðar hugmyndir fram að ganga verða ekki starfræktar fæðingarældir milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Stjórnin skorar á Heilbrigðisráðherra að endurskoða boðuð niðurskurðar áform og heitir á þingmenn NV kjördæmis að beita sér fyrir að endurskoðun á fjárheimildum til stofnanna.

- b. **Svæðisútlit Norðurlands á Akureyri.** Stjórn SSNV lýsir yfir áhyggjum af boðuðm breytingum hjá Ríkisútlitinu á Akureyri. Landshlutastöð ríkisútlitsins á Akureyri gegnir mikilvægu menningar- og fréttahlutverki varðandi málefni Norðurlands. Stjórnin skorar á útlitsstjóra og stjórn Ríkisútlitsins ohf að koma nú þegar fram með tillögur þar sem tryggt verði að fréttahlutningur af landsbyggðinni verði tryggður.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:30.
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.